

Viðauki við samkomulag

**fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Ljósmeðrafélags Íslands
hins vegar**

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

undirrituðu 28. maí 2014

Grein 8.2.5 breytist og verður svohljóðandi:

8.2.5 Fatapeningar

Á heilbrigðisstofnunum þar sem þess er krafist, vegna sérstakra sjónarmiða er varða starfið, að starfsmaður noti eigin fatnað í stað vinnuslopps eða álíka hlífðarfatnaðar skv. gr. 8.2.1, er vinnuveitanda í stað þess heimilt að greiða starfsmanni sérstaka fatapeninga að upphæð 3.948 kr. á mánuði miðað við fullt starf í dagvinnu.

Greiðsla þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu fataliðar í vísitölu neysluverðs (031 föt) með vísitölu aprílmánaðar 2014 sem grunnvísitölu (176,2 stig).

Reykjavík, 28. maí 2014

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra með
með fyrirvara um samþykki

f.h. Ljósmeðrafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna